



Stjórnarfundur 3 þriðjudaginn 6. desember 2011 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, Stefán Jóhannesson, Svala Vignisdóttir, Kristján Geir Guðmundsson, Hreggviður Norðdahl, Óskar Hauksson.

Afboð og mættu ekki: Aðalsteinn Einar Eymundsson.

Dagskrá

- Mótamál - staða
- Landsliðsmál – staða – þjálfarateymi – dagsetningar – æfingabúðir/leikir jafnvel við Skota
- Yngriflokkamál og útbreiðsla
- ÍSÍ styrkir – umsóknir 2012 – skilagreinar 2011 – lokadagsetning 12.12.11
- Íþróttamaður ársins 2011
- Önnur mál

Fundargerð

Mótamál

Umræða um mótamálin, fjölda liða í deildum. B lið komast ekki upp í fyrstu deild – tilfæringar þarf til ef sú staða kemur upp.

Úrslitakeppnin – dagsetningar voru lagðar fram.

Samþykkt að senda upplýsingar til félaganna um úrslitakeppnina og færslur á milli deilda eins og stendur í minnisblaði til stjórnar BLÍ.

Rætt var um að breyta fyrirkomulaginu á keppninni í 3. deild í sama horf og í 2. deild og stofna þá 5. deild í framhaldinu.

Landsliðsmál

EM smáþjóða í vor, 25.-27. maí. Kvinnaliðið keppir í Luxemborg og karlaliðið á Möltu. Þetta eru einu verkefnin sem liggja fyrir að svo stöddu.

Þjálfarar hafa ekki verið ráðnir ennþá.

Möguleiki á að fá erlend lið í heimsókn var ræddur.

Yngriflokkamál og útbreiðsla

Töluverð umræða fór í útbreiðslu- og yngriflokkamál. Leita þarf allra leiða til þess að fá fjármagn í málaflokkinn. Þar var hugsað til FIVB, héraðssambanda og íþróttabandalaga auk framlags frá BLÍ.

Rætt var um að funda með Yngriflokkanefnd til þess að móta stefnu í útbreiðslumálum. Rætt var um að hefja kynningar á blaki í skólum eftir áramót og byrja hugsanlega á Snæfellsnesi. Í framhaldinu yrði haldið skólamót sem í byrjun væri landshlutaskipt.

Eftirtalin atriði skulu höfð til viðmiðunar.

- BLÍ sendir leiðbeinanda í skólaheimsókn, eina heimsókn í bekki, viðmiðun 3.-10. bekkur
- Mikilvægt er að viðkomandi félag næst þeim skóla sem farið er í geti boðið upp á blak fyrir þennan aldur.

- Greiðslufyrirkomulag vegna heimsóknar í bekki sé samræmt og fari ekki yfir ákveðna upphæð.
- Leiðbeinandinn/þjálfarinn skal senda BLÍ skýrslu um gang mála að verki loknu.

ÍSí styrkir

Aftekssjóður – Sævar undirbýr umsókn fyrir A landslið karla og kvenna

Ólympíufjölskyldan – Sævar undirbýr umsókn fyrir A landsliðin.

Styrktarsjóður Ungra og efnilegra – Sævar undirbýr umsókn fyrir unglíngalandsliðin.

Skiladagur umsókna er 12. desember 2011. Sævar sér einnig um að senda skilagreinar fyrir árið 2011 inn til ÍSí til staðfestingar og lokauppgjör.

Íþróttamaður ársins 2011

Nokkur umræða varð um val stjórnar BLÍ

Ákveðið var að Jóna Guðlaug Vigfúsdóttir yrði blakkona ársins 2011. Norskur meistari með liði sínu UIS Volley og Norskur bikarmeistari. Valin besti leikmaðurinn í bikarúrslitum og spilar sem atvinnumaður í Þýskalandi með liðinu Rote Raben.

Ákveðið var að Hafsteinn Valdimarsson yrði blakmaður ársins 2011. Hafsteinn var í liði HIK Aalborg á síðasta keppnistímabili ásamt tvíburabroður sínum, lentu í fimmta sæti í dönsku deildinni. Hafsteinn var í A landsliði Íslands í vor þar sem liðið spilaði í úrslitum EM Smáþjóða og á Smáþjóðaleikum. Í sumar fluttu þeir bræður sig um set til Marienlyst en liðið er núverandi Danmerkurmeistari.

Önnur mál

- ÍSí afmæli – tilkynna þeim 2 til 5 atburði sem tengja má afmælinu. Tillaga kom fram um að það yrðu Bikarkeppnin, yngriflokkamót, Íslandsmótið í strandblaki, haustmót BLÍ og 40 ára afmæli BLÍ.
- Afmæli BLÍ – Sambandið verður 40 ára sunnudaginn 11. nóvember næstkomandi. Samþykkt var að setja á stofn afmælisnefnd sem formaður veitir forstöðu.
- Ársþing FIVB verður haldið í september á næsta ári. FIVB greiðir fyrir einn fulltrúa á þingið. Formaður BLÍ mun sitja þingið.
- Fyrirhuguðum fundi með formönnum sérsambanda og forystu ÍSí með Mennta- og menningarmálaráðherra hefur verið frestað til 9. janúar 2012. Formaður sótti fund með forystu ÍSí vegna fjárlagagerðar Alþingis. Framlög til ÍSí eru af skornum skammti og mikil óánægja með það kom fram á fundinum. Vonast er til þess að næsti fundur með ráðherra skili einhverju.
- Sportís um styrktarsamning. Viðræður í gangi og hefur Stefán verið í mestum samskiptum og stendur á því að klára þetta með undirskrift.
- NEVZA greiðslur frá HK. Umsjónaraðili mótsins sækir um afslátt á greiðslum til dómara.

Fundi slitið kl. 18.10

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð